
Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur
samstæðunnar

1. janúar til 30. september 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Fjárhagslegar lykiltölur	4
Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Eiginfjáryfirlit	7
Sjóðstreymisyfirlit	8
Skýringar við samandreginn árslutareikning	9
Ársfjórðungsyfirlit	15

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Sýn hf. er alhliða félag á sviði fjarskipta- og fjölmiðlastarfsemi. Félagið rekur marga af öflugustu fjölmiðlum landsins eins og Stöð 2, Bylgjuna, Vísi, FM957, Xið og fleiri landsþekkta miðla. Félagið veitir einstaklingum, fyrirtækjum, stofnunum og opinberum aðilum alhliða fjarskiptaþjónustu undir vörumerkjum Vodafone á Íslandi. Félagið á í fjölþættu alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Group sem er eitt stærsta og útbreiddasta fjarskiptafyrirtæki heims.

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Sýnar hf. og dótturfélaga þess, P/F Hey í Færeyjum (áður P/F Kall), Ljósleiðarafélagsins ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2018 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Félagið keypti rekstrarhluta og tilgreindar eignir 365 miðla hf. og tók við rekstri 1. desember 2017 og gætir áhrifa þess á samanburð fjárhæða á milli ára. Þriðji fjórðungur eins og fyrri tveir fjórðungar ársins var litaður af samþættingunni, félagið gaf út afkomuviðvörðun 1. nóvember þar sem horfur um EBITDA afkomu félagsins fyrir 2018 voru færðar niður í 3.600 m. kr. af reglulegri starfsemi. Almennt má segja að breytingar á horfum ársins séu tengdar meiri kostnaði og fjárfestingum í tengslum við sameininguna en upprunalegar áætlanir gerðu ráð fyrir auk nýtilkominnar veikingar íslensku krónunnar. Mikill árangur hefur hins vegar náðst í samþættingu á stuttum tíma sem mun skila félaginu samlegð og ábata í framtíðinni eins og að hluta til er farið að gæta í niðurstöðu þriðja fjórðungs. Samlegð er á áætlun en kostnaður við samrunaverkefni og álag innan fyrirtækisins er meira en búist var við. Jafnframt hefur sameining félagsins einnig reynst fjárfestingarfrekari en búist var við. Vegna flutninga og fjárfestingar í tengslum við myndver félagsins sem mun eiga sér stað nú um áramótin er ljóst að hækka verður fjárfestingarhorfur ársins sem hlutfall af veltu í um 11%, en félagið hafði áður lýst því yfir að það yrði við efri mörk útgefinna horfa eða 10%.

Rekstur og fjárhagsleg staða 1. janúar til 30. september 2018

Samkvæmt rekstrarreikningi námu tekjur samstæðunnar af seldum vörum og þjónustu 16.197 millj. kr. (9.964 millj. kr. 1.1 til 30.9.2017). Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu nam 278 millj. kr. (730 millj. kr. 1.1 til 30.9.2017). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 26.506 millj. kr. (25.376 millj. kr. 31.12.2017). Eigið fé samstæðunnar þann 30. september 2018 nam 10.457 millj. kr. (10.131 millj. kr. 31.12.2017). Þar af nam hlutfé 2.964 millj. kr. (2.964 millj. kr. 31.12.2017). Eiginfjárlutfallið 30. september 2018 var 39,5% (39,9% 31.12.2017).

Á aðalfundi félagsins þann 22. mars 2018 var samþykkt arðgreiðslustefna fyrir félagið. Stefnt er að því að greiða hluthöfum arð og/eða framkvæma endurkaup eigin hluta sem nemur 30-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Við móttöku tillagna um arðgreiðslu og/eða kaup á eigin hlutum skal stjórn taka tillit til; markmiða fjárstýringastefnu félagsins, markaðsaðstæðna og fjárfestingarþarfar félagsins.

Yfirlýsing

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 30. september 2018 ásamt rekstrarafkomu hennar og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2018.

Stjórn og forstjóri Sýnar hf. hafa í dag fjallað um samandreginn samstæðuárshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2018 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 7. nóvember 2018

Í Stjórn

Heiðar Guðjónsson
Anna Guðný Aradóttir
Hildur Dungal
Hjörleifur Pálsson
Yngvi Halldórsson

Forstjóri

Stefán Sigurðsson

Fjárhagslegar lykiltölur

	2018 3F	2017 3F	2018 9M	2017 9M
Fjárhagsupplýsingar				
Heildartekjur	5.449	3.437	16.197	9.964
Rekstrarhagnaður	497	458	902	1.177
Hagnaður fyrir tekjuskatt	284	362	352	912
Hagnaður tímabilsins	226	290	278	730
Hagnaður á hlut	0,76	1,10	0,94	2,80
Fjárfestingar	512	368	1.857	1.229
Handbært fé frá rekstri	519	858	1.303	1.544
Frammistöðumat				
EBITDA tímabilsins	1.032	854	2.468	2.334
EBITDA hlutfall tímabilsins	18,9%	24,8%	15,2%	23,4%
Frjálst fjárflæði (FCF)*	157	563	(61)	565
Nettó vaxtaberandi skuldir	11.574	5.013	11.574	5.013
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA **	3,5	1,7	3,5	1,7

* Frjálst fjárflæði samanstendur af handbæru fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt að frádrögnum fjárfestingahreyfingum. Kaup á rekstri og eignum er undanskilin þar sem hún tengist ekki endurfjárfestingapörf samstæðunnar

** EBITDA síðastliðinna 12 mánaða

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2018

	Skýr.	2018 3F	2017 3F	2018 9M	2017 9M
Seldar vörur og þjónusta	7	5.449	3.437	16.197	9.964
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	8	(3.311)	(1.887)	(9.872)	(5.458)
Framlegð		2.138	1.550	6.325	4.506
Rekstrarkostnaður	9	(1.641)	(1.092)	(5.423)	(3.329)
Rekstrarhagnaður		497	458	902	1.177
Fjármunatekjur		13	12	43	41
Fjármagnsgjöld		(226)	(108)	(593)	(306)
Hrein fjármagnsgjöld		(213)	(96)	(550)	(265)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		284	362	352	912
Tekjuskattur		(58)	(72)	(74)	(182)
Hagnaður tímabilsins		226	290	278	730
Hagnaður á hlut		0,76	1,10	0,94	2,80
Þynntur hagnaður á hlut		0,76	1,10	0,94	2,80

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2018

	Skýr.	2018 3F	2017 3F	2018 9M	2017 9M
Hagnaður tímabilsins		226	290	278	730
Líðir sem gætu síðar verið færðir um rekstrarreikning					
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags		28	35	20	28
Áhættuvarnir		(1)	17	28	(8)
Heildarafkoma tímabilsins		253	342	326	750

Efnahagsreikningur

30. september 2018

	Skýr.	30.9.2018	31.12.2017
Fastafjármunir			
Rekstrarfjármunir		5.204	4.902
Óefnislegar eignir		15.529	15.485
Eignahlutur í hlutdeildar- og öðrum félögum		39	16
Fastafjármunir samtals		20.772	20.403
Veltufjármunir			
Birgðir	10	1.931	1.510
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		3.532	3.146
Handbært fé		271	317
Veltufjármunir samtals		5.734	4.973
Eignir samtals		26.506	25.376
Eigið fé			
Hlutfé		2.964	2.964
Yfirverðsreikningur hlutfjár		2.465	2.465
Annað eigið fé		31	(17)
Óráðstafað eigið fé		4.997	4.719
Eigið fé		10.457	10.131
Langtímaskuldir			
Vaxtaberandi skuldir		10.990	10.732
Tekjuskattsskuldbinding		263	193
Langtímaskuldir samtals		11.253	10.925
Skammtíma skuldir			
Vaxtaberandi skuldir		855	618
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		3.941	3.702
Skammtímaskuldir samtals		4.796	4.320
Skuldir samtals		16.049	15.245
Eigið fé og skuldir samtals		26.506	25.376

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2018

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Þýðingar- munur	Annað eigið fé Bundinn reikningur	Áhættu- varnir	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
1.1. til 30.09.2017							
Eigið fé 1.1.2017	2.640	678	33	53	(84)	3.667	6.987
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	-	730	730
Þýðingarmunur dótturf.	-	-	28	-	-	-	28
Áhættuvarnir	-	-	-	-	(8)	-	(8)
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	28	0	(8)	730	750
Eigið fé 30.9.2017	2.640	678	61	53	(92)	4.397	7.737

1.1. til 30.9.2018

Eigið fé 1.1.2018	2.964	2.465	64	87	(169)	4.719	10.131
Hagnaður tímabilsins	-	-	-	-	-	278	278
Þýðingarmunur dótturf.	-	-	20	-	-	-	20
Áhættuvarnir	-	-	-	-	28	-	28
Heildarafkoma tímabilsins	0	0	20	0	28	278	326
Eigið fé 30.09.2018	2.964	2.465	84	87	(141)	4.997	10.457

Sjóðstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2018

	2018 3F	2017 3F	2018 9M	2017 9M
Hagnaður (tap) tímabilsins samkvæmt rekstrarreikningi	226	290	278	730
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir	535	395	1.566	1.157
Hrein fjármagnsgjöld	213	96	550	265
Tekjuskattur	58	72	74	182
Veltufé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.031	853	2.468	2.334
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Birgðir, breyting	(3)	36	(421)	(31)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	(29)	(15)	(421)	(508)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(321)	30	57	(71)
Fyrirframinnheimtar tekjur, breyting	(9)	27	113	70
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	669	931	1.796	1.794
Innborgaðar vaxtatekjur	12	12	42	35
Greidd vaxtagjöld	(162)	(85)	(535)	(285)
Handbært fé frá rekstri	519	858	1.303	1.544
Fjárfestingahreyfingar				
Kaup á rekstri og eignum	(4)	0	(35)	0
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(411)	(261)	(1.250)	(850)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(101)	(107)	(607)	(379)
Fjárfestingahreyfingar	(516)	(368)	(1.892)	(1.229)
Fjármögnunarahreyfingar				
Áhættuvarnir	0	0	40	18
Afborganir langtímalána	(145)	(95)	(393)	(313)
Rekstrarlán	95	(335)	894	0
Fjármögnunarahreyfingar	(50)	(430)	541	(295)
Breyting á handbæru fé	(47)	60	(48)	20
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	(1)	2	(3)
Handbært fé í byrjun tímabils	317	326	317	368
Handbært fé í lok tímabilsins	271	385	271	385

Skýringar

1. Félagið

Sýn hf. ("félagið") er íslenskt hlutafélag. Höfuðstöðvar félagsins eru að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík. Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta - og fjölmiðlunar. Samandreginn samstæðuárshlutareikningur félagsins fyrir tímabilið 1. janúar - 30. september 2018 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, P/F Hey í Færeyjum (áður P/F Kall), Ljósleiðarafélagsins ehf. og hlutdeild í sameiginlegum rekstri í Sendafélaginu ehf., sem vísað er til í heild sem „samstæðunnar“.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningur samstæðunnar 1. janúar til 30. september 2018 hefur hvorki verið endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilareglum og lágu til grundvallar við gerð ársreikningsins 2017, að því undanskildu að tveir nýir reikningsskilastaðlar tóku gildi 1. janúar 2018 IFRS 9 og IFRS 15, sjá nánar umfjöllun í skýringu 4. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2017. Hægt er að nálgast ársreikning Sýnar hf. á heimasíðu félagsins www.syn.is. og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn félagsins staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins þann 7. nóvember 2018.

3. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

4. Mat stjórnenda í reikningsskilum

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Tveir nýir reikningsskilastaðlar, IFRS 9 Fjármálagerningar og IFRS 15 Tekjur af samningum við viðskiptavini tóku gildi í ársbyrjun 2018. Í janúar 2019 mun nýr staðall IFRS 16 Leigusamningar taka gildi og er vinna við að meta fjárhagsleg áhrif hans hafin.

a. IFRS 9

IFRS 9 leysir af hólmi IAS 39 og fjallar um reikningshaldslega meðferð fjármálagerninga og tilgreinir kröfur um skráningu og mat, virðisrýrnun, afskráningu og almenn áhættuvarnarreikningsskil. Áhrifa staðalsins í reikningsskilum samstæðunnar gætir aðeins á niðurfærslu fjáreigna vegna nýrra reglna um mat á virðisrýrnun. Þau áhrif eru hinsvegar óveruleg.

b. IFRS 15

IFRS 15 leysir af hólmi IAS 18, IAS 11 og tengdar tülkanir og inniheldur nýjar reglur um skráningu tekna og auknar kröfur um upplýsingagjöf varðandi tekjuskráningu. Samkvæmt staðlinum skal skrá tekjur þegar yfirráð yfir hinu selda hafa verið flutt til kaupandans, í stað áhættu og ávinnings sem fyrri reglur horfðu til. Í staðlinum er sett fram fimm þrepa líkan til leiðbeiningar.

Tekjur af fjarskiptabjónustu og sjónvarpsáskriftum eru skráðar í samræmi við mánaðarleg uppgjör vegna notkunar eða miðað við fast gjald. Auglýsingatekjur eru færðar við birtingu auglýsinga. Tekjur af vörusölu eru færðar við afhendingu vöru er yfirráð flýtt til viðskiptavinar. Áhrif staðalsins á tekjuskráningu í reikningsskilum samstæðunnar eru óveruleg.

c. Ákvörðun gangvirðis

Hluti af reikningsskilaaðferðum og skýringum samstæðunnar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði vegna fjármálagerninga og annarra eigna og skulda.

Að svo miklu leyti sem hægt er, notar samstæðan markaðsupplýsingar við ákvörðun gangvirðis en liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir er byggt á mati stjórnenda. Ef upplýsingar frá þriðja aðila, líkt og verð frá miðlurum eða verðmatsþjónustu, eru notaðar við ákvörðun gangvirðis þá nýta stjórnendur upplýsingarnar til að styðja þá niðurstöðu að matið uppfylli kröfur um alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS), þar á meðal það stig sem slíkt mat myndi falla undir. Það er mat stjórnenda að bókfærð virði fjármálagerninga endurspeglar gangvirði þeirra.

Gangvirðið er flokkað í þrjú stig eftir forsendum sem notaðar eru við matið:

- Stig eitt byggir á skráðu verði á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir.
- Stig tvö byggir á beinum eða óbeinum markaðsforsendum sem eru aðrar en skráð verð á virkum markaði sem flokkast undir stig eitt.
- Stig þrjú byggir á forsendum og gögnum sem ekki er unnt að afla á markaði.

Skýringar, frh.:

5. Meðferð vaxtaskiptasamnings

Afleiðusamningar eru gerðir til að stýra áhættu félagsins gagnvart vaxtaáhættu, þ.e. vaxtaskiptasamningur. Afleiður eru færðar á gangvirði. Almenna reglan er að óinnleystur hagnaður eða tap er fært í rekstrarreikning. Hins vegar þegar afleiða er skilgreind og virk sem áhættuvörn er afkoman færð eftir áhættuvarnarsambandinu sem afleiðan tilheyrir. Félagið hefur skilgreint vaxtaskiptasamninginn sem áhættuvörn vegna undirliggjandi skulda. Afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal langtímaeigna eða langtímaskulda ef meira en 12 mánuðir eru til lokagjalddaga samningsins og ekki er gert ráð fyrir að hann verði gerður upp innan 12 mánaða. Aðrir afleiðusamningar eru flokkaðir á meðal veltufjármuna eða skammtímaskulda eftir því sem við á.

a. Áhættuvarnareikningsskil

Félagið skilgreindi í fyrsta skipti á þriðja ársfjórðungi 2016 afleiðusamning sem áhættuvarnargerning vegna sjóðstreymisvarnar. Á upphafsdegi áhættuvarnarsambandsins, skjalaði félagið sambandið á milli áhættuvarnargerningsins og áhættuvarða liðarins ásamt markmiðum áhættuvarnarstýringar og stefnu félagsins varðandi áhættuvarnir. Á hverjum reikningsskiladegi metur félagið skilvirkni áhættuvarnarsambandsins í samræmi við leiðbeiningar IFRS 9.

b. Sjóðstreymisvarnir

Skilvirki hluti gangvirðisbreytinga á afleiðum sem standast kröfur um sjóðstreymisvarnir og eru skilgreindar sem slíkar er færður í yfirlit um aðra heildarafkomu með mótfærslu á áættuvarnir á meðal eigin fjár. Hagnaður eða tap vegna óskilvirkni í áhættuvarnarsambandi er færður í rekstrarreikning undir liðnum fjármagnsgjöld. Uppsöfnuð staða á eigin fé sem áður hefur verið færð um aðra heildarafkomu er endurflokkuð um rekstrarreikning þegar hagnaður eða tap vegna áhættuvarða liðarins er færður, uppsafnaða staða á eigin fé er færð í sömu línu rekstrarreiknings.

Skýringar, frh.:

6. Starfspáttaryfirlit

Rekstrarstarfspættir

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir eðli rekstrar og byggja á skipulagi og innri upplýsingagjöf samstæðunnar.

Samstæðan skiptist í sex starfspætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfspættirnir eru:

Fjölmíðlun samanstendur af tekjum af starfsemi ljósvakamiðla, áskriftartekjum og tekjum af auglýsingasölu, tekjum af dreifingu á báðum sjónvarpsdreifikerfum Vodafone, leigutekjum af myndlyklum og tekjum af leigu einstakra kvikmynda og þátta (TVOD), tekjum af áskriftaveitu Vodafone (SVOD), tekjum af áskriftum að línulegum stöðvum og tekjum af sölu einstaka sjónvarpsviðburða.

Internet samanstendur af tekjum af netþjónustu í fastlínukerfum, þ.m.t. á ljósleiðara, xDSL þjónustu og öðrum gagnatengingum.

Farsími samanstendur af öllum tekjum vegna notkunar á farsímum, þ.m.t. gagnaflutningum í farsímakerfinu, áskriftartekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum, seldum frelsisinnægingum, reikitekjum frá ferðamönnum og samtengitekjum í farsíma.

Fastlína samanstendur af tekjum vegna notkunar á heimasíma, fyrirtækjasíma í fastlínu og samtengitekjum í fastlínu.

Vörusala samanstendur af sölu á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum.

Aðrar tekjur samanstanda af þjónustutekjum og leigu á endabúnaði.

Rekstrarstarfspættir	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1. til 30.09.2018								
Tekjur frá þriðja aðila	6.518	3.678	3.416	871	937	777	-	16.197
Innri tekjur	-	-	(1)	15	-	46	(59)	0
Tekjur samtals	6.518	3.678	3.415	886	937	823	(59)	16.197
<hr/>								
Óskipt rekstrargjöld								(13.729)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatt (EBITDA)								2.468
Afskriftir								(1.566)
Hrein fjármagnsgjöld								(550)
Tekjuskattur								(74)
Hagnaður tímabilsins								278
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								20
Áhættuvarnir								28
Heildarafkoma tímabilsins								326
<hr/>								
Óskiptar eignir 30.9.2018								26.506
Óskiptar skuldir 30.9.2018								16.049
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2018 til 30.9.2018								1.857

Skýringar, frh.:

6. Starfspáttaryfirlit

Rekstrarstarfspættir	Fjöl- miðlun	Internet	Farsími	Fastlína	Vörusala	Aðrar tekjur	Jöfnunar- færslur	Samtals
1.1. til 30.09.2017								
Tekjur frá þriðja aðila	1.585	2.882	3.115	901	918	563	0	9.964
Innri tekjur	-	-	-	17	1	27	(45)	0
Tekjur samtals	1.585	2.882	3.115	918	919	590	(45)	9.964
Óskipt rekstrargjöld								(7.630)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatt (EBITDA)								2.334
Afskriftir								(1.157)
Hrein fjármagnsgjöld								(265)
Tekjuskattur								(182)
Hagnaður tímabilsins								730
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturfélags								28
Áhættuvarnir								(8)
Helldarafkoma tímabilsins								750
Óskiptar eignir 31.12.2017								25.376
Óskiptar skuldir 31.12.2017								15.245
Fjárfestingar tímabilsins 1.1.2017 til 30.9.2017								1.229

Landsvæðaskipting

Tekjur samstæðunnar greinast þannig eftir landsvæðum:

1.1. til 30.9.2018	Ísland	Færeyjar	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	15.271	926	16.197
EBITDA á tímabilinu	2.327	142	2.468
Eignir starfspáttá í lok tímabilsins	25.506	1.001	26.506
Fjárfestingar tímabilsins	1.708	149	1.857

1.1. til 30.9.2017

Tekjur frá þriðja aðila á tímabilinu	9.040	924	9.964
EBITDA á tímabilinu	2.229	105	2.334
Eignir starfspáttá 31.12.2017	24.460	916	25.376
Fjárfestingar tímabilsins	1.181	48	1.229

Skýringar, frh.:

7. Seldar vörur og þjónusta

Seldar vörur og þjónusta greinist þannig:	2018	2017	2018	2017
	3F	3F	9M	9M
Vörusala	311	307	937	918
Seld þjónusta	5.138	3.130	15.260	9.046
Seldar vörur og þjónusta samtals	5.449	3.437	16.197	9.964

8. Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu greinist þannig:	2018	2017	2018	2017
	3F	3F	9M	9M
Kostnaðarverð seldrar vöru og þjónustu	2.548	1.483	7.519	4.192
Laun og launatengd gjöld	492	159	1.557	523
Afskriftir	271	245	797	743
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu samtals	3.311	1.887	9.872	5.458

9. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:	2018	2017	2018	2017
	3F	3F	9M	9M
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	358	276	1.197	809
Sölu- og markaðskostnaður	149	93	440	274
Laun og launatengd gjöld	869	573	3.016	1.832
Afskriftir	264	150	769	414
Rekstrarkostnaður samtals	1.641	1.092	5.423	3.329

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:	30.9.2018	31.12.2017
Fjarskiptabúnaður til endursölu	332	197
Óuppsettur sendabúnaður (rekstrarvörubirgðir)	125	14
Dagskrárbirgðir	1.474	1.299
Birgðir samtals	1.931	1.510

Skýringar, frh.:

11. Önnur mál

Sýn hf. („félagið“) á í málarekstri við einstaklinga, önnur félög og eftirlitsstofnanir á íslenskum fjarskiptamarkaði. Félagið færir skuldbindingar og/eða kröfur vegna málareksturs þegar hægt er að meta framtíðar greiðslur og ávinning með áreiðanlegum hætti. Vegna óvissu um framtíðarþróun málarekstrar, niðurstöður dómsmála, úrskurði, áfrýjanir og sættir í málum geta niðurstöður mála leitt til viðbótar skuldbindinga og kostnaðar fyrir félagið.

Kaup Sýnar hf. á hluta af rekstri 365 ehf.

Í desember 2017 keypti félagið rekstrareiningar úr rekstri 365 ehf. Kaupverðsútteilingu er ekki að fullu lokið, en félagið hefur tólf mánuði frá kaupdegi til að ljúka við kaupverðsútteilingu samkvæmt IFRS 3. Þá hefur lokauppgjör vegna viðskiptana ekki farið fram.

Sýn hf. gegn Símanum hf.

Félagið hefur stefnt Símanum hf. vegna ólögmeðs verðþrýstings og nemur stefnufjárhæð í málinu riflega 900 millj. kr. Síminn hf. gagnstefndi félaginu og nemur stefnufjárhæð Símans tæplega 2.500 millj. kr. Fyrir liggja skýrslur dómkvaddra matsmanna og ráðgefandi álit EFTA dómstólsins, sem Héraðsdómur Reykjavíkur óskaði eftir undir rekstri málsins. Aðalmeðferð fór fram 8. október 2018 og er dóms því að vænta innan skamms

Síminn gegn Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf. og NOVA ehf.

Síminn hf. stefndi Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf. og Nova ehf. til ógildingar á ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 14/2014. Fól ákvörðunin í sér að Sýn hf. og Nova hf. er heimilt að samnýta tíðniheimildar sínar í sérstöku rekstrarfélagi. Málið var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur 11. desember 2014. Síminn óskaði eftir matsgerð, sem lögð var fram 30. janúar 2018. Aðalmeðferð málsins hefur ekki verið ákveðin

Önnur mál

Að síðustu á Sýn hf. í marghátuðum ágreiningi við Símann hf. fyrir stjórnvöldum og dómstólum vegna sjónvarpsmála. Í fyrsta lagi fékk Síminn hf. lagt á lögbann við því að félagið taki upp og miðli sjónvarpsefni Skjás Eins (nú Sjónvarp Símans) með ólínulegum hætti. Hæstiréttur staðfesti lögbannið með úrskurði sínum þann 18. október 2018.

Í öðru lagi hefur Póst- og fjarskiptastofnun tekið stjórnvaldsákvörðun þess efnis að Síminn hf. hafi brotið gegn bannákvæði fjölmiðlalaga með því að beina viðskiptum viðskiptamanna fjölmiðlaveitu sinnar (Sjónvarpi Símans) að tengdu fjarskiptafyrirtæki (Símanum hf./Mílu hf.). Var Símanum gerð 9 millj.kr. stjórnvaldssekt vegna þessa. Í kjölfarið sendi Sýn hf. Símanum kröfubréf og krafðist skaðabóta að fjárhæð rösklega 1.900 millj.kr. Síminn hefur nú stefnt Póst- og fjarskiptastofnun, Sýn hf. og Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., til ógildingar fyrrnefndrar stjórnvaldsákvörðunar. Var málið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 9. október sl

Í þriðja og síðasta lagi krafðist Sýn hf., þann 9. október sl., bráðabirgðaákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar vegna óhófllegrar gjaldtöku heildsölu Símans hf. fyrir aðgang Sýnar að IP TV dreifikerfi Símans hf.

Á þessum tímamarki getur félagið ekki metið framtíðar skuldbindingar eða kröfur sem leiða af niðurstöðum ofangreinds málareksturs meðal annars vegna þess að það getur tekið langan tíma að fá niðurstöður í mál ásamt því að mál geta tekið breytingum og þróast í ólíkar áttir. Vegna þessa hefur engin skuldbinding né krafa verið færð í árshlutareikning félagsins.

Ársfjórðungsfirlit

1. janúar til 30. september 2018

	2018 1F	2018 2F	2018 3F	2018 9M
Seldar vörur og þjónusta	5.304	5.444	5.449	16.197
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(3.197)	(3.364)	(3.311)	(9.872)
Framlegð	2.107	2.080	2.138	6.325
Rekstrarkostnaður	(1.896)	(1.886)	(1.641)	(5.423)
Rekstrarhagnaður	211	194	497	902
Fjármunatekjur	12	18	13	43
Fjármagnsgjöld	(151)	(216)	(226)	(593)
Hrein fjármagnsgjöld	(139)	(198)	(213)	(550)
Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt	72	(4)	284	352
Tekjuskattur	(16)	0	(58)	(74)
Hagnaður (tap) tímabilsins	56	(4)	226	278
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturf.	(21)	13	28	20
Áhættuvarnir	37	(8)	(1)	28
Heildarafkoma tímabilsins	72	1	253	326
EBITDA	718	718	1.032	2.468
EBITDA %	13,5%	13,2%	18,9%	15,2%
Handbært fé frá rekstri	419	365	519	1.303
Fjárfestingarhreyfingar	(522)	(854)	(516)	(1.892)
Fjármögnunarmhreyfingar	26	565	(50)	541

Ársfjórðungsyfirlit

1. janúar til 31. desember 2017

	2017 1F	2017 2F	2017 3F	2017 4F	2017 12M
Seldar vörur og þjónusta	3.141	3.386	3.437	4.304	14.268
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	(1.707)	(1.865)	(1.887)	(2.370)	(7.829)
Framlegð	1.434	1.521	1.550	1.934	6.439
Rekstrarkostnaður	(1.092)	(1.145)	(1.092)	(1.560)	(4.889)
Rekstrarhagnaður	342	376	458	374	1.550
Fjármunatekjur	11	18	12	7	48
Fjármagnsgjöld	(102)	(96)	(108)	(116)	(422)
Hrein fjármagnsgjöld	(91)	(78)	(96)	(109)	(374)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	251	298	362	265	1.176
Tekjuskattur	(50)	(59)	(72)	91	(90)
Hagnaður tímabilsins	201	239	290	356	1.086
Þýðingarmunur vegna starfsemi erlends dótturf.	8	(15)	35	3	31
Áhættuvarnir	7	(32)	17	(77)	(85)
Heildarafkoma tímabilsins	216	192	342	282	1.032
EBITDA	719	761	854	803	3.137
EBITDA %	22,9%	22,5%	24,8%	18,7%	22,0%
Handbært fé frá rekstri	190	496	858	691	2.235
Fjárfestingarhreyfingar	(325)	(536)	(368)	(6.628)	(7.857)
Fjármögnunarhreyfingar	42	93	(430)	5.869	5.574